
Fyrirhuguð uppbygging við Árbúðir

Bláskógabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 22. júní 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, f.h. Bláskógabyggðar, þar sem tilkynnt er um fyrirhugaða uppbyggingu við Árbúðir, Bláskógabyggð, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 12.05 í 1. viðauka laganna. Með erindinu fylgdi greinargerð.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Fiskistofu, forsætisráðuneytisins, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Árbúðir og Geldingafell, Bláskógabyggð, maí 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð með tölvupósti dags. 3. júlí 2020,
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 14. ágúst 2020,
- Forsætisráðuneytinu með bréfi þann 21. júlí 2020,
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti þann 30. júní 2020,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi þann 16. júlí 2020,
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 15. júlí 2020,
- Umhverfisstofnun með bréfi þann 16. júlí 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 4. og 10. desember 2020.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á undanförunum árum hafi ferðaþjónustuaðilar byggt upp aðstöðu á skálasvæði Árbúða á Kili. Aðstaðan hafi verið nýtt af ferðalöngum um Kjalveg, auk þess sem reiðleið yfir Kjöl fer um Árbúðir. Um er að ræða 87 m² sæluhús, 85 m² söluskála og 95 m² hesthús, einnig lítið hús fyrir salerni og sturtu og um 20 m² starfsmannahús. Gistirými er fyrir um 30 gesti og einnig er veitingasala í Hrefnubúðakaffi.

Fram kemur að núverandi áform feli í sér stækkun núverandi gistiskála um allt að 100 m², byggingu þriggja nýrra gistiskála með salernum sem verða hver um sig allt að 100 m² og getur heildar byggingarmagn orðið að 700 m² og mænishæð húsa verður 5,5 m. Gisting getur verið fyrir allt að 70 gesti og verður boðið upp á bæði gistingu í uppúnum rúmum og svefnpokapláss. Gert er ráð fyrir veitingasölu áfram auk aðstöðu til eldunar. Einnig er fyrirhuguð uppsetning á rafhleðslustöð og eldsneytissölu á díselolíu, bensíni, steinolíu og metan.



Fram kemur að áætlað sé að færa núverandi vatnsból sökum nálægðar við núverandi byggingar og gert ráð fyrir að borað verði eftir vatni í grennd. Áætlað er að vatnsnotkun á sólarhring verði um 14 m³, hámarksnotkun um 0,3 l/sek.

Við Árbúðir er frárennsli leitt í rotþró sem er á staðnum. Gert er ráð fyrir að rotþró verði samnýtt fyrir öll mannvirki, eftir því sem við verður komið. Hugsanlegt er að ráðast þurfi í endurbætur á fráveitu, en frágangur og gerð rotþróa og frárennislagna verður í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tryggt verður gott aðgengi til tæmingar. Miðað við fyrirhugaða starfsemi í Árbúðum má ætla að 10.000 l rotþró anni starfseminni.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdanna eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Ásýnd

Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að fyrirhuguð uppbygging er það umfangsmikil að áhrif á ásýnd og landslag eru metin neikvæð. Gætt verði samræmis í útliti og litavali allra bygginga á staðnum. Mannvirki verða felld að landi eftir því sem kostur er og þess gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Að framkvæmdum loknum verður land aðlagð að umhverfinu og fært í sem upprunalegast horf. Ef útilýsing verður á staðnum mun hún verða lágstemmd og ljósi beint niður.

Umhverfisstofnun telur að umfang uppbyggingar geti haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og óbyggðaupplifun þar sem m.a. er verið að setja upp eldsneytissölu og fjölga byggingum við Árbúðir. Stofnunin tekur undir að settir verði skilmálar fyrir uppbyggingu, útliti húsa og frágangi lóðar í deiliskipulagi fyrir svæðin til að draga úr sýnileika mannvirkja.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkennum lands. Stofnunin bendir á að í landskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu.

Víðerni

Fram kemur að framkvæmdaraðili telji að miðað við skilgreiningu á víðernum í lögum um náttúruvernd muni uppbygging í Árbúðum ekki hafa áhrif á víðerni því fjarlægð staðarins frá Kjalvegi er innan við 200 m og uppbyggingin ekki talin það umfangsmikil að hún ein og sér skerði víðerni.

Gróður, vistgerðir og lífríki

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að við Árbúðir er land lítt gróið og vistgerðir á svæðinu eru mólendi, melar og sandlendi skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og eru þær algengar á hálendi Íslands. Árbúðir standa við bakka Svartár sem rennur í Hvítárvatn en vatnið og Hvítárnes eru á náttúruminjaskrá en Árbúðir eru utan þess svæðis.

Fram kemur í umsögn Fiskistofu að veiði sé í Hvítárvatni og Svartá. Fiskistofa telur ekki líklegt að uppbygging í Árbúðum hafi bein neikvæð áhrif á afkomu fiskstofna eða aðstöðu til veiði, en huga þurfi að því að mengun berist ekki frá mannvirkjum í vatn.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Árbúðir er skilgreindar sem hálendismiðstöð í Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Þar eru hálendismiðstöðvar skilgreindar m.a. við meginleiðir um hálendið, með þjónustustarfsemi í rekstri gistingar og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits og einnig geti verið um einhvern verslunar- og



veitingarekstur að ræða. Gisting skuli almennt vera í gistiskálum auk tjaldsvæða, en einnig sé möguleiki á að bjóða upp á hótél- og gistiheimilagistingu, enda sé slík gisting aðeins hluti gistiframboðs á viðkomandi stað og falli að öllu leyti að kröfum um óbyggðaupplifun. Gert er ráð fyrir samfelldri ferðaþjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímamann. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Landskipulagstefnu.

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag frá árinu 1992 og þarf að vinna nýtt deiliskipulag af svæðinu.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og einnig ýmsum starfsleyfum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Framkvæmdin er háð leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða uppbyggingu við Árbúðir í Bláskógabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.05 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða uppbyggingu ferðamannaaðstöðu sem samtals nær yfir allt að 2 ha svæði og er gert ráð fyrir að byggingarmagn geti verið allt að 700 m². Svæðið er raskað að hluta vegna uppbyggingar fyrri ára, en framkvæmdaraðili mun leggja áherslu á vandaðan frágang og fella svæðið vel að því landslagi sem fyrir er.

Um langt skeið hefur verið við lýði stefna, sem nú er sett fram í Landsskipulagsstefnu 2015–2026, um að á miðhálandinu skuli öll uppbygging taka mið af sérstöðu hálandisins og að staðinn skuli vörður um náttúru og landslag miðhálandisins. Stefnan felur í sér að öll mannvirkjagerð á hálandinu taki mið af náttúruverndargildi og sérstöðu þess. Um ferðaþjónustuuppbyggingu segir í landsskipulagsstefnu að gæta verði að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar. Jafnframt að uppbygging ferðamannaaðstöðu á miðhálandinu skuli takmörkuð og að ferðafólki um miðhálandið skuli standa til boða viðeigandi mannvirki og þjónusta, m.a. með tillit til álagsþols náttúrunnar. Um hálandismiðstöðvar segir m.a. að þær séu staðsettar við meginleiðir um hálandið, að í miðstöðunum felist þjónustustarfsemi fyrst og fremst í rekstri gistingar og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits, en einnig geti verið um einhvern verslunar- og veitingarekstur að ræða. Gisting skuli almennt vera í gistiskálum auk tjaldsvæða, en einnig sé möguleiki á að bjóða upp á hótél- og gistiheimilagistingu, enda sé slík gisting aðeins hluti gistiframboðs á viðkomandi stað og falli að öllu leyti að kröfum um óbyggðaupplifun.

Fyrirhuguð uppbygging mun koma til með breyta ásýnd svæðisins að einhverju leyti sem og raska vistgerðum, en þær vistgerðir eru ekki sérstaklega viðkvæmar og hafa ekki hátt verndargildi. Um verður að ræða uppbyggingu nokkurra húsa í viðbót við þau sem fyrir eru og aukningu á gistirýmum. Við núverandi aðstæður er ekki boðið upp á gistingu í uppþúnum rúmum í Árbúðum¹ og verður því að einhverju leyti um að ræða breytingu á eðli þjónustu þar sem gert er ráð fyrir að fjölga

¹ <https://www.gljasteinn.is/skalarnir-okkar/>



gistirýmum úr 30 í 70, bæði í uppþúnum rúmum og í svefnpokaplássi en þessi breyting kann að einhverju leyti að auka álag á svæðið.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem með tilliti til landslagsheilda, ósnortinna víðerna og hálendissvæða sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Núverandi mannvirki eru ekki umfangsmikil en um er að ræða viðkvæmt svæði m.t.t. ásýndaráhrifa á miðhálandinu í grennd við einn fjölfarnasta veg á miðhálandinu. Hinsvegar er fyrirhuguð uppbygging ferðamannaáðstöðu það umfangsmikil miðað við núverandi aðstæður að hún kann að hafa neikvæð áhrif á óbyggðaupplifun þeirra sem um svæðið fara og munu fyrirhuguð mannvirki við Árbúðir verða mjög sýnileg þeim sem eiga leið þar um.

Markmið Landsskipulagsstefnu 2015-2026 um skipulag á miðhálandi Íslands er m.a. að þess verði gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni hálendisins sem minnst. Óbyggð víðerni eru skilgreind í lögum um náttúruvernd sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum. Hér er sérstaklega getið um uppbyggða vegi og ljóst að núverandi Kjalvegur frá Árbúðum til norðurs er þess eðlis að hann verður ekki talin raska óbyggðu víðerni, skv. kortlagningu víðerna á miðhálandinu á vegum Háskóla Íslands og Rammaáætlunar. Hinsvegar er ljóst er að núverandi hluti Kjalvegur frá Hvítárbrú að Árbúðum er talinn skerða víðerni skv. sömu kortlagningu. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð uppbygging ferðamannaáðstöðu við Árbúðir kunni að hafa áhrif á víðernisupplifun ferðamanna þar sem ljóst er að um aukin umsvif og umferð verður að ræða.

Skipulagsstofnun bendir á að áformuð eldsneytissala við Árbúðir þarf að skoðast í ljósi Landsskipulagsstefnu um miðhálandi Íslands 2015-2026. Samkvæmt skilgreiningu uppbyggingarflokka ferðþjónustuaðila á hálendinu er þjónusta hálendismiðstöðva skilgreind sem þjónustustafssemi sem felst fyrst og fremst í rekstri gistingar og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits, en einnig getur verið um einhvern verslunar- og veitingarekstur að ræða. Hinsvegar er öll alhliða þjónusta við ferðamenn skilgreind við jaðarmiðstöð skv. Landsskipulagsstefnu. Einnig bendir Skipulagsstofnun á aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum, þar sem áformað er að innflutningur ökutækja sem nýta jarðefnaeldsneyti verði óheimill árið 2030. Nýverið stóðu stjórnvöld ásamt sveitarfélögum Bláskógabyggð, Hrunamannahreppi og Húnavatnshreppi auk Neyðarlínunnar, Fjarskiptasjóðs, Rarik og Ferðþjónustufyrirtækja í Árbúðum, Kerlingarfjöllum og Hveravöllum að verkefninu Orkuskipti á Kili. Með verkefninu var m.a. lagt upp með að olíuflutningar til hálendismiðstöðva á svæðinu heyrðu sögunni til. Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun orka tvímælis að gera ráð fyrir sölu jarðefnaeldsneytis að Árbúðum auk þess sem slíkri starfsemi fylgir mengunarhætta.

Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við uppbyggingu ferðþjónustu í Árbúðum felast fyrst og fremst í ásýndarbreytingum og raski við einn af aðalvegum á miðhálandinu auk þess sem þær kunna að skerða víðernis- eða óbyggðaupplifun ferðamanna. Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrif framkvæmda varanleg en eru bundin við afmarkað svæði. Mögulegt er að draga úr áhrifum með því að viðhafa vandaða verktilhögun og frágang á svæðinu. Mikilvægt er að allar byggingar falli vel



að umhverfi sínu bæði m.t.t. litavals og annars útlits og þarf að setja skilmála í deiliskipulag þar að lútandi sem og um frágang lóðar.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 18. janúar 2021.

Reykjavík, 15. desember 2020

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson